

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1161/2011

2012/EES/59/37

frá 14. nóvember 2011

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009 að því er varðar skrárnar yfir steinefni sem bæta má í matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 EB frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínunum og steinefnum og tilteknum öðrum efnunum við í matvæli ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota ⁽³⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er sett fram skrá yfir vítamín og steinefni sem nota má við framleiðslu fæðubótarefna. Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB kom reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1170/2009 ⁽⁴⁾. Breytingar á skránni sem kveðið er á um í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB, eins og henni er breytt með þeirri reglugerð, skulu samþykktar í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. þeirrar tilskipunar og í samræmi við starfsreglurnar sem um getur í 3. mgr. 13. gr. hennar.
- 2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er sett fram skrá yfir vítamín og steinefni sem bæta má í matvæli.

- 3) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009 ⁽⁵⁾ er sett fram skrá yfir efni sem bæta má í matvæli til sérstakra, næringarlegra nota með sérstök næringarmarkmið í huga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur metið ný steinefni til notkunar í matvæli. Þeim efnunum sem hafa hlotið jákvætt vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu skal bætt á viðkomandi skrár í þessum gerðum.
- 5) Haft var samráð við hagsmunaaðila í gegnum ráðgjafahópinn um matvælaferlið og heilbrigði dýra og plantna og tekið var tillit til þeirra athugasemda sem lagðar voru fram.
- 6) Því ber að breyta tilskipun 2002/46/EB, reglugerð (EB) nr. 1925/2006 og reglugerð (EB) nr. 953/2009 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er B-lið breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „ferrófosfat“:
 „ferróammóníumfosfat
 ferrínatríum EDTA“,
- b) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „natríumsölt úr ortófosfórsýru“:
 „natríumsúlfat
 kalíumsúlfat“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 36.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 269, 14.10.2009, bls. 9.

2. gr.

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er 2. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „ferrósúlfat“:

„ferróammóníumfosfat

ferrínatríum EDTA“

b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni „króm (III) súlfat og hexahýdrat þess“:

„krómpikólínat“.

3. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 953/2009 er 2. flokki (steinefni) breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „ferrósúlfat“:

„ferróammóníumfosfat	x	
ferrínatríum EDTA	x“	

b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni „króm (III) súlfat og hexahýdrat þess“:

„krómpikólínat	x“	
----------------	----	--

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.